

Nr. 19-100 S 063 Sólberg ÓF 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 bt.
Mesta lengd: 79,85 m Skráð lengd: 70,92 m
Breidd: 15,41 m Dýpt: 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 35



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. maí 2019 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á siglingu til Siglufjarðar. Veður: ANA 6 m/s.

Skipverjar voru að skipta um grandaravír inn á grandaraspili en þegar einn þeirra ætlaði að slá splitti í patentlás með sleggju sneri vírinn upp á sig með þeim afleiðingum að hann sló á þumalfingur vinstri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að undirbúa veiðarfærin fyrir næsta túr en skipið átti eftir klukkustundar siglingu til Siglufjarðar;
- að skipverjinn var að lása saman grandara og fótreiði við þröngar aðstæður aftan við grandaraspilið þar sem aðeins einn maður komst að;
- að þumalfingurinn marðist mjög illa.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til varhugaverða vinnuáðstæðna.